

Aðalfundur Skólaskrifstofu Austurlands
Mánudaginn 15. okt 2007

Kæru fundargestir

Fyrir hönd stjórnar Skólaskrifstofu Austurlands býð ég alla hjartanlega velkomna á þennan 12. aðalfund Skólaskrifstofunnar.

Skólaskrifstofa Austurlands er byggðasamlag 8 sveitarfélaga á Austurlandi frá Djúpavogshreppi í suðri til Vopnafjarðarhrepps í norðri. Þessi 8 sveitarfélög eru; Djúpavogshreppur, Breiðdalshreppur, Fjarðabyggð, Fljótsdalshérað, Seyðisfjörður, Vopnafjörður Fljótsdalshreppur og Borgarfjarðahreppur.

Þannig að þið sjáið að starfssvæðið er mjög stórt.

Núverandi stjórn Skólaskrifstofu Austurlands var kjörin á síðasta aðalfundi Skólaskrifstofunnar sem haldinn var hér á Reyðarfirði fyrir réttu ári eða þann 13. október 2006. Í stjórnina voru kjörin Svanhvít Aradóttir, Fjarðabyggð formaður, Þráinn Lárusson Fljótsdalshérað varaformaður, Elfa Rúnarsdóttir Seyðisfirði, Einar Björn Kristbergsson Vopnafirði og Halldóra Dröfn Hafþórsdóttir Djúpavogshreppi og tók hún að sér fundarritun.

Stjórnin fundaði 5 sinnum á árinu og sat Páll Baldursson Breiðdalshreppi tvo þeirra sem varamaður fyrir Halldóru Dröfn.

Nokkrar breytingar hafa orðið á starfsmannahaldi Skólaskrifstofunnar og er þar helst að nefna;

Steinunn Lilja Aðalsteinsdóttir kennsluráðgjafi lét af störfum í júlí.

Rut Magnúsdóttir var í launalausú leyfi en lét af störfum á árinu og tók Jarprúður Ólafsdóttir kennsluráðgjafi við hennar stöðu. Jarprúður sinnir almennri kennsluráðgjöf.

Þá hætti Karen Júlía Sigurðardóttir sálfræðingur í desember og við hennar stöðu tók Magdalena Gunnarsdóttir sálfræðingur. Hún sinnir sálfræðipjónustu í skólum og félagsþjónustu Fjarðabyggðar. Hugrún Sigurjónsdóttir sálfræðingur kom til tímabundinna starfsa í janúar og var til loka maí.

Halldóra Baldursdóttir talmeinafræðingur var ráðin í hlutastarf sem talmeinafræðingur og sinnir ráðgjöf og greiningum í grunn- og leikskólum

Þeim starfsmönnum sem létu af störfum á árinu þökkum við frábært samstarf og vel unnin störf.

Annað starfsfólk er starfar við Skólaskrifstofuna er;

Sigurbjörn Marinósson forstöðumaður, sinnir stjórnun, ráðgjöf, fjárreiðum, launaútreikningum og ýmsum upplýsingum um skólastarf.

Aðalheiður Jónsdóttir sálfræðingur, hefur umsjón með sálfræðipjónustu Skólaskrifstofunnar.

Gíslunn Jóhannsdóttir ritari, sinnir útlánum kennslugagna og ýmsum skrifstofustörfum.

Ólafía Þórunn Stefánsdóttir kennsluráðgjafi, sinnir almennri kennsluráðgjöf og greiningu í lestri og stærðfræði.

Ásdís Sigurjónsdóttir iðjupjálfi, er í 10% starfi og sinnir ráðgjöf og mati á færni barna við daglega iðju.

Skólaskrifstofan hefur heimild fyrir $1\frac{1}{2}$ stöðu sálfræðings og selur Félagsþjónustu Fjarðabyggðar $1/2$ stöðu.

Þá keypti Skólaskrifstofan þjónustu af Önnu Maríu Arnfinnsdóttur og Þorbjörgu Ólöfu Jónsdóttur, námsráðgjöfum.

Einnig er heimild í rekstraráætlun til ráðningar á sálfræðingi í eitt stöðugildi, en því miður er lítið um sálfræðinga á lausu þessa dagana.

Stjórnin hefur fundað 5 sinnum, eins og ég sagði hér áðan og þar af einu sinni nýtt sér tæknina og haldið símafund. Þar sem þetta er fyrsta starfsár nýrrar stjórnar þá hefur Sigurbjörn forstöðurmaður frætt okkur mikið um störf og starfshætti Skólaskrifstofunnar. Einnig hefur hann farið vel og ýtarlega yfir starfsmannamál ástamt því að kynna fyrir okkur þau námskeið sem Skólaskrifstofan heldu og starfsfólk Skólaskrifstofunnar hefur sótt.

Við höfum rætt mikið um skort á sálfræðipjónustu og höfum verulegar áhyggjur af því að geta ekki fengið fleiri slíka til lið svið okkur.

Skólaskrifstofa Austurlands er fyrst og fremst þjónustustofnun fyrir eigendur sína, þ.e. sveitarfélögin og íbúa þeirra, og hefur fyrir þeirra hönd yfirumsjón með ýmsum þáttum í starfi grunn og leikskóla, þ.e. greiningu, ráðgjöf og sálfræðiþjónustu. Skólaskrifstofan hefur einnig skyldur gagnvart öllum þeim sem tengjast starfi grunnskólanna á svæðinu eins og skólastjórnendum, kennurum, forráðamönnum nemenda og nemendum. Upplýsingagjöf til þessara aðila er því mikilvægur þáttur í starfi þeirra sem vinna hjá skrifstofunni. Megin markmið Skólaskrifstofunnar er að vera með góða og vandaða þjónustu sem skilar árangri, vera með gott forvarnarstarf og grípa inni áður en til vankvæða kemur og koma í veg fyrir þau. Skólaskrifstofan starfar samkvæmt þjónustusamningnum og gildandi lögum og reglugerðum sem eru um skólaskrifstofur.

Unnið er eftir tilvísunarbeiðnum. Ein beiðni getur náð til allt að þriggja sérfræðinga stofnunarinnar og því er fjöldi sérfræðimála umtalsvert hærri en tilvísanafjöldi. Sérfræðingar Skólaskrifstofunnar hafa samráðsfundi á tveggja vikna fresti. Þar er farið yfir tilvísanir sem borist hafa og þeim komið til viðkomandi sérfræðings. Þá er farið yfir ferðir næstu tveggja vikna og reynt að samræma ferðir og fara oft tveir sérfræðingar saman.

Þann 1. desember 2006 voru íbúar á svæðinu 13.164 en grunnskólanemendur 1495 og nemendum hefur fjölgað frá fyrra skólaári um 30 samkvæmt tölum Hagstofunnar.

Tilvísanir til Skólaskrifstofunnar berast frá grunn og leikskólum starfssvæðisins og á síðsata skólaári skiptust tilvísanirnar svona til sérfræðinganna:

152 tilvísanir til sálfræðinga

228 tilvísanir til kennsluráðgjafa

51 tilvísanir til talmeinafræðings

9 tilvísanir til iðjupjálfa

Samtals 440 tilvísanir.

Námsráðgjafarnir heimsóttu 7 skóla á árinu. Ráðgjöfin sem þær veittu var bæði í einstaklings- og hópráðgjöf fyrir nemendur og foreldra.

Ég ætla að leyfa mér að vitna í bók sem ég las nýlega og heitir hún: "Hver tók ostinn minn?". Sagan fjallar um tvær mýs og tvo menn sem búa í vöfundarhúsi þar sem þau leita að osti til að halda lífi. Mýsnar klæða sig í hlaupaskóna á hverjum morgni og leita að nýjum osti í vöfundarhúsinu til að fá tilbreytingu í mataræðið - ekki alltaf sami osturinn á borðstólunum. Mennirnir fóru hins vegar bara einu sinni út í vöfundarhúsið, fundu einn stórann haug af osti og sátu svo þar í vellystingum á meðan birgðir entust. Þegar birgðarnar voru búnar urður þeir alveg hissa um hvað hefði orðið um ostinn þeirra og þorðu ekki út í vöfundarhúsið að nýju til að leita að fleiri ostategundum. Þarna sátu þeir og rifust og skömmuðust í stað þess að setja á sig hlaupaskóna og leita nýrra tækifæra.

Saga þessi minnir okkur á að vera ávallt vakandi fyrir nýjungum og breytingum sem leiða til batnaðar. Í starfi okkar að fræðslumálum, verðum við ávallt að bera hag skjólstæðinga okkar fyrir brjósti og því verðum við að vera vakandi fyrir því sem er að gerast í kringum okkur. Þetta hefur svo sannarlega verið raunin hér á Skólaskrifstofu Austurlandi og fyrir það ber að þakka og hvetja fólk til enn frekari dáða.

Styrkur Skólaskrifstofu Austurlands er að mínu mati í starfsfólkinu sem þar vinnur. Skólaskrifstofunni hefur tekist að hafa vel menntað og samviskusamt starfsfólk í gegnum tíðina. Starfsfólkið hefur lagt sig mjög fram og þekkir svæðið og aðstæður mjög vel. Þekkingin spannar yfir vítt svið sem nýtist skólunum gríðarlega vel. Ég veit að oft hefur álagið á starfsfólkið verið mikið og því aðdúunarvert hvað öllum málum er sinnt af mikilli natni og fagmennsku.

Við í stjórninni ræddum okkar á milli um styrkleika Skólaskrifstofu og má nefna eftirfarandi atriði sem kom út úr því:

Mjög hæft starfsfólk,
Stöðugleiki í stjórnun,
Mikil og góð reynsla,
Faglega unnið í öllum málum,
Forysta í umönnunarmálum sbr. sú vinna sem nú er í gangi með HSA og fleirum stofnunum,
Staðsetning miðsvæðis,
Samgöngur til og frá góðar

Þetta starfsár hefur verið mjög skemmtilegt og vil ég þakka Sigurbirni Marinóssyni forstöðumanni og öðru starfsfólki Skólaskrifstofu Austurlands vel unnin störf. Einnig samstarfsfólki mínu í stjórninni þakka ég frábær kynni og skemmtilegt samstarf. (Ég hlakka til komandi starfsárs því núverandi stjórnarmenn munu gefa kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu. (við ræðum það betur hér á eftir))

Takk fyrir